

1/1990



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild


Gunnar Þorbergsson
Ingvar Þór Magnússon
Guðmundur Pálmason

Jarðhitadeild
GREINASAFN

ÞYNGDARMÆLIGÖGN OG ÞYNGDARKORT AF ÍSLANDI

OS-90001/JHD-01

Reykjavík, júlí 1990



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Gunnar Þorbergsson
Ingvar Þór Magnússon
Guðmundur Pálmason**

ÞYNGDARMÆLIGÖGN OG ÞYNGDARKORT AF ÍSLANDI

OS-90001 / JHD-01

Reykjavík, júlí 1990

ÁGRIP

Samvinna Orkustofnunar og Kortadeildar Bandaríkjahers (Defence Mapping Agency, DMA) um þyngdarmælingar stóð samfellt árin 1968 til 1973, og hófst með mælingu grunnstöðvanets með um 40 stöðvum víða um land, auk nokkurra stöðva í Reykjavík.

Þyngdir í netinu voru miðaðar við þyngdargildi í Potsdam, en skömmu eftir að netið var mælt var víða erlendis tekin í notkun ný viðmiðun (IGSN71). Á Orkustofnun hafa alls þrjár viðmiðanir þyngda verið notaðar, og eru þær nefndar Potsdam/V73, IGSN71/V80 og IGSN71/V85 í þessari skýrslu.

Á árunum 1967–1971 mældi Orkustofnun legu, hæð og þyngd í 1610 þyngdarmælistöðvum, víðast með um 10 km millibili, dreifðum yfir landið allt. Hér eru taldar með 150 stöðvar á Blöndusvæði 1967 (áður en mælingar á landinu öllu voru ákveðnar) og 35 stöðvar á Vatnajökli 1971.

Sumurin 1972 og 1973 höfðu DMA, Orkustofnun, Sjósmælingar Íslands og fleiri aðilar samvinnu um þyngdarmælingar á sjó umhverfis allt landið. Sjósmælingar Íslands skráðu mælingar á yfir 8400 stöðum.

Vorið 1985 lét DMA þyngdarmæla í nokkrum grunnstöðvum hér á landi til að styrkja grunnstöðvanetið. Einnig var farin sérstök mæliferð frá Bandaríkjunum um Ísland til Noregs og til baka, til að tengja íslenska grunnstöðvanetið við alþjóðlega þyngdarnetið IGSN71. Að mælingunum loknum var grunnstöðvanetið endurreiknað.

Sumarið 1985 voru þyngdarmælipunktur á austanverðu landinu þéttir á kostnað DMA. Mæliflokkur frá Orkustofnun notaði hefðbundnar aðferðir við hluta verksins, en annar mæliflokkur með starfsmönnum ITECH (International Technology Limited), Orkustofnunar og DMA notuðu tregðuleiðsögutæki í stað hefðbundina landmælitækja. Báðir flokkarnir ferðuðust á þyrlum.

Úrvinnsla þyngdarmælinga á landi fór að miklu leyti fram í tölvum, en leiðrétting þyngdar vegna landslags næst stöð var unnin á venjulegan hátt. Landslagsleiðréttingar eru tímafrekar. Úrvinnsla þyngdarmælinga á sjó fór að mestu leyti fram í tölvum.

Þyngdarmæligögnin eru geymd í VAX 11/750-tölvu og á disklingum, sem hún les og skrifar, og nýlega hafa gögnin verið flutt yfir í HP 9000/840-tölvu og á segulbönd. Forrit til að reikna þyngdarfrávik stöðva og prenta stöðvalista er til staðar í báðum tölvunum.

Þyngdarkort í mælikvarða 1:1.000.000 fylgir þessari skýrslu, og eru mælistöðvar, notaðar við gerð kortsins, sýndar á því.

Í viðauka er listi yfir þær þyngdarmælistöðvar, sem mældar voru 1985, og þar sem þyngd hefur verið leiðrétt fyrir áhrifum landslags.



EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP	3
EFNISYFIRLIT	5
MYNDASKRÁ	6
TÖFLUSKRÁ	6
1 INNGANGUR	7
2 GRUNNSTÖÐVAR	9
3 ÞYNGDARMÆLINGAR Á LANDI	13
3.1 Þyngdarmælingar fyrir 1967	13
3.2 Þyngdarmælingar við Blöndu 1967	13
3.3 Þyngdarmælingar á landinu öllu 1968–1971	15
3.3.1 Suðurland og Suðvesturland 1968	16
3.3.2 Norðurland 1969	16
3.3.3 Austurland 1970	16
3.3.4 Norðvesturland 1970–1971	16
3.3.5 Vatnajökull 1971	16
3.4 Aðrar þyngdarmælingar á landi	17
3.5 Viðbótarmælingar 1985	17
4 ÞYNGDARMÆLINGAR Á SJÓ 1972–73	19
4.1 Landstöðvar	19
4.2 Mælingar á sjó 1972	19
4.3 Mælingar á sjó 1973	19
5 ÚRVINNSLA MÆLINGA Á LANDI	21
5.1 Skráning þyngdarmælinga	21
5.2 Úrvinnsluferill	21
5.3 Þyngdarleiðréttingar	23
5.4 Form á þyngdarstöðvaskrá	24
6 ÚRVINNSLA MÆLINGA Á SJÓ	25
6.1 Sameining SÍ-gagna og US-gagna	25
6.2 Úrvinnsluferill fyrir mælingar á sjó	25
6.3 Landslagsleiðréttingar á sjó	26
7 GAGNASÖFN	27
8 ÞYNGDARKORT	31
HEIMILDIR	32
SUMMARY	33
VIÐAUKI: Þyngdarmælistöðvar mældar 1985	35

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Lýsing grunnstöðva, sem settar voru eftir 1973	12
2 Mælisvæði á landi 1967-71	14
3 Þyngdarmælistöðvar 1985	18
4 Landstöðvar og mælisvæði á sjó 1972-73	20
5 Gagnastreymi við úrvinnslu þyngdarmælinga	22
6 Hluti forrits BOUGUER fyrir HP-tölvu	30

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Mismunandi þyngdarviðmiðanir	9
2 Grunnstöðvar	10
3 Mælingamenn	13
4 Mælitæki	13
5 Heimildir um þyngdarmælingar	15
6 Færsluform fyrir þyngdarálestra (.GRR)	21
7 Kvörðun þyngdarmælis LCR G 137	23
8 Færsluform fyrir þyngdarstöðvaskrá (.GRV)	24
9 Gæðaflokkun hæða og landslagsleiðréttinga	24
10 Landslagsleiðrétting innan Bouguer-marka á sjó	26
11 Gögn frá Bandaríkjunum	27
12 Ýmiss gögn varðandi þyngdarmælingar	28
13 Grunnstöðvanet og viðbótarmælingar 1985	29
14 Yfirlit yfir safn þyngdarmælistöðva	29

1. INNGANGUR

Samvinna um þyngdarmælingar á Íslandi milli Kortadeildar bandaríska hersins (Defense Mapping Agency, DMA) og Orkustofnunar hófst 1968 og stóð til 1973. Samskiptin við DMA og heildarskipulag mælinganna voru allan tímann í höndum Jarðhitadeildar, en gagnasöfnunin var falin Landmælingum Orkustofnunar. Sameiginlegur áhugi allra aðila var á að vinna þetta verkefni, hjá Jarðhitadeild vegna notkunar gagnanna í jarðhitarannsóknnum og rannsóknnum á berggrunni landsins almennt, hjá Landmælingum Orkustofnunar til að nota niðurstöður ásamt fleiri gögnum við að reikna láflöt (geóíðu), og hjá DMA vegna þýðingar gagnanna fyrir geimsiglingar og landmælingar.

Fyrstu viðræður um þetta verkefni fóru fram á árinu 1965, og í byrjun árs 1966 fékk Jarðhitadeild lánaðan hjá DMA þyngdarmæli af gerðinni LaCoste-Romberg, en átti fyrir eldri mæli af gerðinni Worden, sem m.a. hafði verið notaður við þyngdarmælingar vegna jarðhitaleitar.

Eftir nokkrar umræður voru tillögur gerðar um fyrsta áfanga þessa verkefnis í bréfi 27. apríl 1967, og náðu þær yfir Reykjanesskagann. Ekki varð úr mælingum það sumar, en ítarlegri tillögur voru samdar fyrir næsta ár.

Í maí 1968 hófust mælingar í grunnstöðvakerfinni og varð fjöldi slíkra stöðva 46. Þessum mælingum hefur verið lýst í grein í Jökli (Guðmundur Pálmason o.fl. 1973). Fyrsti samningurinn milli Orkustofnunar og DMA (sem þá hét Army Map Service) var undirritaður af Jakobi Gíslasyni f.h. Orkustofnunar í júní 1968. Gerði sá samningur ráð fyrir 410 mælistöðvum, en alls urðu þær 615 það árið. Næsta ár var gerður nýr samningur, sem gerði ráð fyrir 349 mælistöðvum, en þær urðu 380. Er hér var komið sögu var orðið ljóst að DMA menn voru ánægðir með framgang verksins og vildu halda því áfram til loka. Voru alls gerðir fimm samningar og lauk mælingunum á landinu öllu, þar með talið Vatnajökli, í lok árs 1971.

Í október 1969 var fært í tal við Mr. Ostreim, fulltrúa DMA í þessu verkefni, hvort DMA hefði áhuga á að halda áfram og kosta þyngdarmælingar á landgrunninu á svipaðan hátt og gert var á landi. Þetta var mjög áhugavert frá sjónarmiði íslenskra rannsókna, því að meginrættirnir í þyngdarviðinu yfir landinu ná langt út fyrir strönd landsins. Ostreim kannaði undirtektir hjá DMA, sem nú nefndist US Topographic Command (USTOPOCOM), og reyndist áhugi greinilega vera fyrir hendi. Sérhæfð tæki, sem nota þurfti, voru þó ekki laus til að byrja mælingarnar á árinu 1970, en byrjað var að undirbúa þetta viðbótarverkefni þá þegar.

Þar sem þyngdarmælingar á landgrunninu var ekki hægt að gera án skips, kom strax upp áhugi hjá landgrunnarnefnd, sem þá starfaði, á að afla í leiðinni fjölþættari upplýsinga á landgrunninu. Íslenska ríkið lagði til fjármagn til að leigja skip til mælinganna og var ákveðið að gera dýptarmælingar, segulmælingar og að vissu marki setþykktarmælingar með tækjum, sem Rannsóknarráð hafði þá nýlega eignast. Í meginráttum ákvaðst siglingaleiðin af þörfum þyngdarmælinganna og voru um það bil 10 km milli lína, en mælisvæðið náði um 100–150 km frá ströndinni. Til staðsetningar voru notuð s.k. Raydist tæki, sem DMA lánaði. Með þeim voru mældar fjarlægðir til tveggja stöðva í landi. DMA lagði einnig til sérbúinn þyngdarmæli af gerðinni LaCoste-Romberg til mælinga á sjó, og mannskap til að annast tækjabúnaðinn í skipinu. Orkustofnun tók að sér að mæla inn og reka stöðvarnar í landi.

Mælingarnar á landgrunninu hófust sumarið 1972 og voru þá mæld svæðin út af Reykjanesi, Faxaflóa og Breiðafirði. Árið eftir var síðan lokið við það, sem á vantaði fyrir Norðurlandi og Suðurlandi, og að vissu marki fyrir Austurlandi einnig. Í ljós kom, þegar eftir var grennslast, að Naval Oceanographic Office (NAVOCEANO) átti til talsvert af þyngdarmælingum úti fyrir Austurlandi. Var því dregið nokkuð úr fyrirhuguðum mælingum þar.

TAFLA 2		GRUNNSTÖÐVAR				IGSN71/V85
Landsnetsnúmer og nafn stöðvar	Breidd (° ')	Lengd (° ')	Hæð (m)	Þyngd (mgal)	Grunnstöðvarnúmer og staðarlýsing	
5473	RVIK A	64 08.4	21 57.0	8.	982264.96	01 Háskóli Íslands
5473	RVIK A	64 08.4	21 57.0	8.	982264.959 ± .010	02 Háskóli Íslands
5450	RVIK AA	64 08.4	21 57.4	10.2	982264.785 ± .010	03 Raunvísindas. OS5450
5451	RVIK B	64 08.6	21 55.6	36.8	982258.785 ± .013	04 Skólavaraða OS5451
0081	RVIK CH	64 08.8	21 56.9	22.0	982262.460 ± .012	05 Kapólska kirkjan (G)
5452	RVIK J	64 09.2	21 56.4	2.4	982266.346 ± .013	06 Ægisgarður OS5452 (G)
5453	RVIK L	64 07.9	21 56.8	13.7	982263.321 ± .010	07 Reykjavík (F) (L) OS5453
5472	RVIK M	63 58.4	22 35.4	51.	982259.376 ± .015	09 Keflavík (F)
5471	RVIK K	63 58.4	22 35.4	50.	982259.407 ± .014	10 Keflavík (F)
5211	OS-5211	63 50.2	20 24.3	27.9	982241.944 ± .021	11 Hellubrú
5212	OS-5212	63 31.8	19 30.2	62.	982222.546 ± .020	12 Héraðsskólinn Skógum
5213	OS-5213	63 47.4	18 03.0	25.5	982221.382 ± .015	13 Kirkjubæjarklaustur (G)
7427	OS-7427	63 47.4	18 03.3	25.	982221.564	13 Kirkjubæjarklaustur P&S
5214	OS-5214	63 52.6	16 38.4	14.7	982232.071 ± .017	14 Fagurhólsmýri
5215	OS-5215	64 46.5	22 18.2	15.	982307.821 ± .023	15 Snorrastaðir (G)
5216	OS-5216	64 54.1	23 56.1	10.	982328.163 ± .024	16 Lóranstöðin Sandi
5217	OS-5217	65 06.5	21 45.9	22.	982313.204 ± .014	17 Búðardalur (L)
5218	OS-5218	65 39.1	18 04.3	5.	982337.467 ± .011	18 Akureyri (F)
5219	OS-5219	64 18.3	15 14.2	10.	982270.768 ± .017	19 Hornafjörður (G)
5220	OS-5220	65 44.7	19 38.5	15.	982356.006 ± .020	20 Sauðárkrókur (F)
5304	OS-5304	65 33.2	19 26.9	29.6	982317.51	20 Varmahlíð (frá 20)
5221	OS-5221	64 42.0	21 07.2	58.0	982263.738 ± .018	21 Refsstaðir (G)
5222	OS-5222	65 18.7	20 54.4	32.8	982320.604 ± .021	22 Melstaðarkirkja
5223	OS-5223	65 39.6	20 18.1	12.	982361.841 ± .024	23 Hótel Blönduós
5224	OS-5224	65 57.8	17 24.6	12.	982370.993 ± .019	24 Húsavík (G)
7426	OS-7426	65 57.7	17 25.2	12.	982370.648	24 Aðaldalsflugvöllur
5225	OS-5225	66 18.1	16 26.8	5.0	982419.717 ± .024	25 Kópasker
5226	OS-5226	66 15.1	15 15.7	5.	982405.310 ± .018	26 Þórshöfn (F)
5227	OS-5227	65 45.2	14 49.8	20.	982368.881 ± .019	27 Vopnafjörður (F)
5228	OS-5228	65 16.7	14 24.6	24.3	982317.403 ± .012	28 Egilsstaðir (F) (L)
5229	OS-5229	66 07.8	18 55.4	17.	982398.216 ± .025	29 Siglufjörður
5230	OS-5230	65 59.4	21 19.3	15.	982376.179 ± .027	30 Gjögur (F)

TAFLA 2 (framh.)		GRUNNSTÖÐVAR				IGSN71/V85
Landsnetsnúmer og nafn stöðvar	Breidd (°')	Lengd (°')	Hæð (m)	Þyngd (mgal)	Grunnstöðvarnúmer og staðarlýsing	
5231 OS-5231	64 15.1	21 07.7	101.6	982233.807 ± .021	31 Þingvellir	
1152 LÍ-1152	64 33.9	21 46.0	17.7	982298.941 ± .019	32 Hvanneyrarkirkja	
5180 OS-5180	64 42.0	20 58.6	122.6	982250.70	32 Barnafossar (frá 32)	
5470 OS-5470	65 16.2	16 06.2	466.0	982207.236 ± .023	33 Grafarlönd	
5469 OS-5469	64 19.7	20 07.5	210.5	982200.791 ± .023	34 Gullfoss	
5258 OS-5258	64 11.1	19 25.1	307.	982176.585 ± .031	35 Hald	
5260 OS-5260	64 25.3	18 39.2	590.	982115.489 ± .043	36 Illugaver	
5267 OS-5267	64 53.6	18 03.8	750.	982096.317 ± .049	37 Fjórðungsvatn	
5268 OS-5268	64 52.1	19 33.7	640.6	982131.564 ± .058	38 Hveravellir (L)	
5269 OS-5269	65 28.3	21 55.7	35.1	982330.284 ± .018	39 Króksfjarðarnes (F)	
5270 OS-5270	65 55.6	22 25.7	9.6	982366.512 ± .023	40 Reykjanesskóli	
5271 OS-5271	66 03.3	23 09.0	5.	982374.382 ± .022	41 Ísafjörður (F)(G)	
5272 OS-5272	65 33.2	23 57.4	3.4	982350.112 ± .020	42 Patreksfjörður (F)(G)	
5273 OS-5273	64 39.4	14 16.8	6.1	982284.750 ± .017	43 Djúpivogur (L)	
5274 OS-5274	65 08.1	13 44.1	2.2	982307.864 ± .016	44 Neskaupstaður (F)	
5275 OS-5275	63 25.5	20 16.3	100.	982195.760 ± .026	45 Vestmannaeyjar (G)	
5276 OS-5276	65 38.8	16 54.9	285.	982282.145 ± .017	46 Reykjahlíð (L)	
5277 OS-5277	65 38.6	16 07.2	390.	982260.872 ± .019	47 Grímsstaðir	
5278 OS-5278	65 01.1	14 58.8	35.	982280.072 ± .021	48 Valþjófsstaður (L)	
9905	65 12.0	19 40.0	458.	982203.024	49 Sandá (frá 38) (G)	
5307 OS-5307	65 01.7	18 19.8	744.7	982120.636	50 Laugafell (frá 37)	
5449 OS-5449	65 42.4	21 40.2	20.	982354.632	51 Hólmavík (frá 30,39,40)	
5467 OS-5467	64 24.4	17 16.0	1721.6	981850.491	52 Grímsfjall (frá 13)	
7144 OS-7144	65 16.7	14 24.6	24.3	982317.418 ± .020	53 Egilsstaðir (F)	
7307 OS-7307	64 18.2	15 13.4	10.	982271.280 ± .020	54 Hornafjörður (F)	

Stöðin í Háskóla Íslands hefur fengið tvö grunnstöðvarnúmer. Það fyrri (01) er notað í tilvísunum varðandi allar mælingar fyrir 1967 (þótt tengingin sé óbein).

Nokkrar aukastöðvar voru settar og tengdar við grunnstöðvar á árunum 1968–71. Þær hafa sumar fengið eigin grunnstöðvanúmer, en aðrar hlotið sama númer og grunnstöðin, sem tengt var við. Meðalskekkja þyngdar í aukastöðvunum hefur ekki verið reiknuð, en þær voru rækilega tengdar grunnnetinu.

Nokkur atriði í töflunni þarf að skýra:

- (F) stöðin er á flugvelli
- (G) glötuð eða hreyfð stöð
- (L) bolti hefur verið fjarlægður, eða er horfinn í steypu, en stöðin er e. t. v. nothæf með hjálp stöðvarlýsingar

Lýsingar á fjórum grunnstöðvum, sem settar voru og mældar eftir 1973 eru á mynd 1. Lýsingar á öðrum stöðvum eru í grein í Jökuli 1973, sem fyrr var nefnd (Guðmundur Pálmason o. fl. 1973).

S T Ö D V A R L Ý S I N G				Landsnetsnúmer		S T Ö D V A R L Ý S I N G				Landsnetsnúmer							
Skammt. uppl.		Skammt. nafn		Stöðvarheiti eða lýsing		7144		Skammt. uppl.		Skammt. nafn		Stöðvarheiti eða lýsing		7307			
BF		Egilsstaðaflugvöllur		Egilsstaðaflugvöllur				B		Hafnarflugvöllur		Hafnarflugvöllur					
Tegund stöðvar				Landshluti		Tegund stöðvar				Landshluti							
Þyngdarmælistöð				Austurland		Þyngdarmælistöð				Suðausturland							
Merki		Aletrun		OS-1982-7144		Merki		Aletrun		OS-1985-7307							
Bolti/skjöldur		Varða				Bolti/skjöldur		Varða									
Loftmynd/hnit				Merking fyrir myndun		Loftmynd/hnit				Merking fyrir myndun							
Stofnun		Stöð sett ár		Stöð sett af		Orkustofnun		Stöð sett ár		Stöð sett af							
Orkustofnun		1982		GP		Orkustofnun		1985		GP							
Staðarlýsing						Staðarlýsing											
Við flugturn á Egilsstöðum.						Við útgöngudyr vestan megin í flugvallarbyggingu á Höfn í Hornafirði.											
Mágreppi stöðvar						Mágreppi stöðvar											
Merkið er syðst í stétt framan við þriðja glugga sunnan frá á austurhlíð flugstöðvarbyggingar og austan við sjálfan flugturninn. Stéttin er 1,0 X 3,7 m að stærð og er merkið 10 cm frá súlu milli glugga og fyrir henni miðri.						Merkið er í stétt, 6,5 m norðan við flugturn, 0,2 m utan dyra og 0,1 m sunnan stólpa sem er 0,4 X 1,0 m að stærð og það er norðan dyra.											
Leið						Leið											
Ljósmynd af stöð				Kortbláð		Ljósmynd af stöð				Kortbláð							
				6222 I (C762)						6119 I (C762)							
Breidd		Lengd		Hæð (ónákvam)		Lýsing gerð		Breidd		Lengd		Hæð (ónákvam)		Lýsing gerð			
65 16 40		14 24 40		24 m		GP/AG		64 18 10		15 13 20		10 m		GP/AG			
Athugasemd						Athugasemd											
7144 kemur í stað grunnstöðvar 5228						7307 kemur í stað grunnstöðvar 5219											
S T Ö D V A R L Ý S I N G				Landsnetsnúmer		S T Ö D V A R L Ý S I N G				Landsnetsnúmer							
Skammt. uppl.		Skammt. nafn		Stöðvarheiti eða lýsing		7426		Skammt. uppl.		Skammt. nafn		Stöðvarheiti eða lýsing		7427			
B		7426		Aðaldalsflugvöllur				B		7427		Kirkjubæjarklaustur					
Tegund stöðvar				Landshluti		Tegund stöðvar				Landshluti							
Þyngdarmælistöð				Norðausturland		Þyngdarmælistöð				Suðurland							
Merki		Aletrun		OS-1986-7426		Merki		Aletrun		OS-1986-7427							
Bolti/skjöldur		Varða				Bolti/skjöldur		Varða									
Loftmynd/hnit				Merking fyrir myndun		Loftmynd/hnit				Merking fyrir myndun							
Stofnun		Stöð sett ár		Stöð sett af		Orkustofnun		Stöð sett ár		Stöð sett af							
Orkustofnun		1986		IPM		Orkustofnun		1986		IPM							
Staðarlýsing						Staðarlýsing											
Ný flugstöðvarbygging. Aðaldalsflugvelli.						Hús Pósts og síma Kirkjubæjarklaustri.											
Mágreppi stöðvar						Mágreppi stöðvar											
Merkið er í steyptri hellulagðri stétt við austurhlíð flugstöðvarbyggingar. Stéttin er gegnt aðkeyrslu að flugstöðinni 9 m norðan aðalinngangs og 15 m sunnan við norðurgafli hússins. Merkið er í suðvesturhorni stéttarinnar 25 cm frá vegg og 15 cm frá burðarstólpa.						Hús Pósts og síma stendur við veg að Kirkjubæjarklaustri 480 m vestan Þjóðveginn. Merkið er í stétt við aðalinngang á suðurhlíð hússins. Stéttin er 3 m frá vesturgafli hússins og 13 m frá austurgaflinum. Merkið er í norðvesturhorninu á efsta palli stéttarinnar 10 cm frá vegg og 10 cm frá burðarbita.											
Leið						Leið											
Ljósmynd af stöð				Kortbláð		Ljósmynd af stöð				Kortbláð							
				2016 I (C761)						5818 II (C762)							
Breidd		Lengd		Hæð (ónákvam)		Lýsing gerð		Breidd		Lengd		Hæð (ónákvam)		Lýsing gerð			
65 57 40		17 25 10		12 m		IPM		63 47 20		18 03 20		25 m		IPM			
Athugasemd						Athugasemd											
7426 kemur í stað grunnstöðvar 5224						7427 kemur í stað grunnstöðvar 5213											

3. ÞYNGDARMÆLINGAR Á LANDI

3.1 Þyngdarmælingar fyrir 1967

Þyngdarmælingar Íslendinga hér á landi hófust 1950, fyrst í samvinnu við franska vísindamenn, og síðan með því verkefni, sem Dr. Trausti Einarsson vann á árunum 1950–1954. Raforkumálaskrifstofan keypti þyngdarmæli (Worden Nr. 68) snemma árs 1951, og með honum mældi Trausti í um 900 mælistöðvum víðs vegar um land, þéttast á Suðvesturlandi. Niðurstöðurnar voru gefnar út á vegum Vísindafélags Íslendinga 1954 í ritgerð, sem ber heitið "A Survey of Gravity in Iceland". Þessar mælingar gáfu fyrstu heildarmyndina af þyngdarsviðinu á landinu og sýndu m.a. hina djúpu þyngdarlægð, sem öðru fremur ein-kennir Bouguer-þyngdarsviðið. Mælingarnar voru kostaðar af Jarðhitadeild Raforkumálastjóra, Rannsóknaráði ríkisins og Almanakssjóði.

Í ritgerð Trausta eru raktar eldri mælingar, sem erlendir vísindamenn hafa gert allt frá aldamótum.

TAFLA 3	Mælingamenn
01	M. Munck
02	A. Josef
03	Trausti Einarsson
04	Sveinbjörn Björnsson
05	Hörður Lárusson
06	Ingvar Ásmundsson
07	Egill Egilsson
08	Ásmundur Jakobsson
09	Jón Hafsteinn Jónsson
10	Gunnar Þorbergsson
11	Kristinn Þorbergsson
12	Sven P. Sigurðsson
13	T. H. Nilsen
14	Mæliskip Ms. Albert
15	Mæliskip Ms. Ísborg
16	Gunnar V. Johnsen
17	Ingvar Þór Magnússon

Á árunum 1955–1966 voru gerðar svæðisbundnar þyngdarmælingar vegna jarðhita- eða jöklarannsóknna á nokkrum stöðum á


landinu. Niðurstöður þeirra eru í skýrslum Raforkumálastjóra og Orkustofnunar eða birtar í tímaritum (Guðmundur Pálmason 1964). Sjá töflur 3, 4 og 5.

TAFLA 4	Mælitæki
01	Western Geophysical Co. Gravimeter No. 42
02	Western Geodetic Gravity Meter No. 68
03	LaCoste and Romberg Gravimeter G 10
04	LaCoste and Romberg Gravimeter G 137
05	LaCoste and Romberg Gravimeter G 144
06	LaCoste and Romberg Gravimeter G 445
07	Þyngdarmælir um borð í Ms. Alberti
08	Þyngdarmælir um borð í Ms. Ísborgu
09	LaCoste and Romberg Gravimeter G 269
10	LaCoste and Romberg Gravimeter G 220A
11	LaCoste and Romberg Gravimeter G L126

3.2 Þyngdarmælingar við Blöndu 1967

Sumarið 1967 voru landmælingamenn Raforkumálaskrifstofunnar (hér eftir verður ekki greint á milli hennar og Orkustofnunar) við mælingar vegna kortagerðar við Blöndu. Í byrjun júlí tóku þeir í notkun ný lengdarmælitæki (Tellurometer MRA-101), og um miðjan mánuðinn kom þyrlan TF-DIV til starfa að tjaldbúðum við Sandá, og var þetta fyrsta sumarið af mörgum, sem hún var notuð við landmælingar.

Þetta sumar var þyngdarmælir Jarðhitadeildar (Worden No. 68) með í landmælingaleiðangrinum. Þyngdarmælt var í 150 þríhyrningapunktum og myndpunktum. Þyngdarmælistöðvarnar við Blöndu fengu síðar númerin 2705–2864, en nokkrum númerum var sleppt úr röðinni. Mælisvæðið er sýnt á mynd 2.



MYND 2. Mælisvæði á landi 1967-71

TAFLA 5	Heimildir um þyngdarmælingar
01	Tr. Einarsson, Th. Sigurgeirsson and G. Bödvarsson: A Report on the French Icelandic Gravity Measurements in Southern Iceland in 1950. Vís. Ísl. Greinar III, 1.
02	Tr. Einarsson: A Survey of Gravity in Iceland. Vís. Ísl. XXX. Til eru afrit af frumh. (vérlituð blöð) á Jarðhitadeild.
03	Frumheimildir er að finna á Jarðhitadeild saman við frumh. 02, en engin útgefin heimild svo vitað sé.
04	Sveinbjörn Björnsson: Þyngdarmælingar á Skeiðarársandi í apríl 1966. Skýrsla gefin út af Jarðhitadeild í ágúst 1966.
05	Frumheimildir er að finna á Jarðhitadeild, en engin útgefin heimild. Sjá og teikningar 7308 og 7730 á teiknistofu Orkustofnunar.
06	Frumheimildir eru á Jarðhitadeild. Sjá teikningar 7685 og 7686. Skýrsla Landmælinga raforkumálastjóra: Hæðarmælingar við Hengil í júní 1966, gerð í júlí 1966.
07	Frumheimildir eru á Jarðhitadeild. Egill Egilsson: Greinargerð um þyngdarmælingar á Krísuvíkursvæði sumarið 1967. Skýrsla gefin út á Jarðhitadeild í ágúst 1967. Skýrsla Landmælinga Orkustofnunar: Landmælingar vegna þyngdarmælinga í Krísuvík, gerð í júlí 1967.
08	Frumheimildir eru á Jarðhitadeild.
09	Gravity Survey of Southwestern Iceland 1968, skýrsla Landmælinga OS í apríl 1969.
10	Gravity Survey of Northern Iceland 1969, skýrsla Landmælinga OS í mars 1970.
11	Gravity Survey of Eastern Iceland 1970, skýrsla Landmælinga OS í desember 1970.
12	Gravity Survey of Northwestern Iceland 1970–1971, skýrsla Landmælinga OS í nóvember 1971.
13	Gravity Survey of Vatnajökull 1971, skýrsla Landmælinga OS í nóvember 1971.
14	Gravity Base Station Network in Iceland 1968–1970, Jökull 23, 1973.
15	Þyngdarmælingar í Reykjavík 1975. Frumh. hjá Landmælingum OS.
16	Þyngdarmælingar á sjó 1972 og 1973. Frumh. hjá Landmælingum OS.
17	Gunnar Þorbergsson o. fl.: Landmælingar og þyngdarmælingar á Hengilsvæði 1982 og 1983. OS-84003/VOD-03 B. Janúar 1984.
18	Gunnar Þorbergsson o. fl.: Þyngdarmæligögn og þyngdarkort af Íslandi. OS-90001/JHD-01. Janúar 1990.

3.3 Þyngdarmælingar á landinu öllu 1968–1971

Samkvæmt samningi við DMA, Kortadeild Bandaríkjahers, tók Jarðhitadeild OS að sér að sjá um þyngdarmælingar á Suðurlandi og Suðvesturlandi sumarið 1968. Landmælingum OS var falið að vinna verkið, og átti að skila niðurstöðum veturinn eftir.

Verkátunin stóðst, og samningurinn var endurnýjaður næstu þrjú árin. Skýrslur voru gerðar að loknum mælingum hvers sumars (Gunnar Þorbergsson 1969–1971). Mælisvæðin eru sýnd á mynd 2. Þyngdarmælir LaCoste and Romberg, Model G, No. 137 var notaður öll árin.

3.3.1 Suðurland og Suðvesturland 1968

Sumarið 1968 var mælt í þyngdarmælistöðvum 3001–3615 og unnið úr landmælingunum og þyngdarmælingunum veturinn eftir. Einnig var unnið úr þyngdarmælingum í 150 mælistöðvum við Blöndu frá sumrinu 1967. Skýrsla var tilbúin í apríl 1969.

Í skýrslunni segir meðal annars í lauslegri þýðingu: "Að morgni fóru venjulega 1–2 klukkustundir í undirbúning, aðallega þyrluskoðun og eldsneytistöku. Þá voru tveir mælingamenn með hornamæli og lengdarmæli fluttir í þyrlunni að þríhyrningamælistað á fjallstoppi. Ef ákveðið var að lenda, eins og næstum alltaf var, þá voru þeir skildir eftir í punktinum (pólnum), og þyrlan sótti næst tvo mælingamenn og flutti þá á fyrir fram ákveðna staði, þar sem þyngdarmælistöðvar voru settar og mældar inn frá pólnum.

Fjarlægðin milli póls og þyngdarmælipunkts var mæld með lengdarmælunum (mælt í báðum endum), lárétt horn var mælt í pólnum til að ákveða stefnuna til þyngdarmælipunktsins, og hæðarhorn voru mæld samtímis í báðum punktunum (til að minnka skekkju vegna ljósbrots). Oft var lengdarmælirinn eða bæði tækin hjálæg við pólinn (ef varða var í honum), og voru þá gerðar mælingar eftir föstum reglum til að mæla afstöðu tækjanna við pólinn.

Til að ná góðum afköstum við mælingarnar skipti miklu að geta mælt með hjálægum tækjum, sigta á ljós frá 12 V rafgeymum og nota sendistöðvar. Að sjálfsögðu skipti þó mestu að þyrla var notuð til að flytja menn og tæki. Fljótlega eftir að mælingarnar hófust fór þyrluflugmaðurinn að aðstoða við mælingarnar. Eftir það var aðeins einn mælingamaður með flugmanni í þyrlunni, þegar flogið var milli þyngdarmælistaða".

Því má bæta við, að síðar var hætt við að hafa tvo menn í þríhyrningapunkti (pólnum) og mælingamennirnir hættu að hafa skrifara, þannig að tveir mælingamenn og þyrluflugmaður unnu sama verk og 5 menn í þyrjun, en að vísu var einn maður hafður

heima í bækistöð eða akandi í bifreið, og reyndi hann að hafa talstöðvasamband við þyrluliðið í öryggis skyni.

3.3.2 Norðurland 1969

Mælt var í þyngdarmælistöðvum 3616–3995 sumarið 1969 og skýrsla gerð í mars 1970. Í henni segir meðal annars: "Mælingar hófust 1. júní og lauk 12. október. Reynsla mælingaflokksins frá sumrinu áður leyndi sér ekki, og mælingarnar gengu ágætlega, nema einn dag þegar mælingamaður tognaði á fæti, bifreið varð ógangfær og alvarleg bilun kom í ljós í þyrlunni. Verkinu seinkaði um mánuð vegna þess hve seint gekk að útvega varahluti í hana".

3.3.3 Austurland 1970

Snemma vors 1970 hófust mælingar á Vestfjörðum. Áður en þeim lauk, bilaði þyrlan á flugi og varð að nauðlenda. Aftur varð löng bið eftir varahlutum, og á meðan hófust mælingar á Austurlandi. Þar voru mældar 235 þyngdarmælistöðvar, og fengu þær númerin 4201–4435. Skýrslu um mælingarnar á Austurlandi var skilað í desember 1970.

3.3.4 Norðvesturland 1970–71

Of seint var að ljúka mælingum á Vestfjörðum haustið 1970, þegar mælingunum á Austurlandi lauk. Vorið 1971 voru 28 síðustu þyngdarmælistöðvarnar mældar inn á Vestfjörðum. Alls urðu stöðvarnar þar 195. Þær fengu númerin 3996–4190. Skýrsla var gerð í nóvember 1971.

3.3.5 Vatnajökull 1971

Í lok maí fóru 6 menn í leiðangur á Vatnajökul á þremur snjóbilum. Þegar á Grímsfjall kom, skall á snjóbylur, og var beðið í þrjá sólarhringa í skála Jökларannsóknafélagsins. Þann 1. júní stytta skyndilega upp, og var fegursta veður næstu viku á eftir.

Settar voru þyngdarmælistöðvar í línur, sem hér segir:

- milli Græna fjalls og Bárðarbungu,
- milli Örafajöluls og Kverkfjalla,
- yfir Breiðabungu langleiðis að Grendli,
- stutt lína með austur-vestur stefnu þvert á hinar austur af Grímsvötnum.

Notuð var þyrlla við mælingar milli Græna fjalls og Grímsvatna og til að þyngdarmæla á Grímsfjalli og í grunnstöð á Kirkjubæjarklaustri. Síðar var einnig mæld stutt lína sunnan Síðujökuls, og var þyrlla notuð við það. Þyngdarmælistöðvarnar fengu númerin 4436–4471. Síðasta skýrslan um þyngdarmælingar á landi fyrir Kortadeild Bandaríkjahers var tilbúin í nóvember 1971.

3.4 Aðrar þyngdarmælingar á landi

Á árunum 1970–1971 gerðu Þjóðverjar umfangsmiklar þyngdarmælingar milli Eyjafjarðar og Vopnafjarðar. Gert var ráð fyrir að niðurstöður birtust 1974, en í september 1973 fékk Jarðhitadeild niðurstöður mælinga í 1021 þyngdarmælistöðvum á gata-spjöldum ásamt þyngdarkorti af svæði milli Eyjafjarðar og Óxarfjarðar. Gögnin eru geymd hjá Landmælingum OS (sjá kafla 7).

Árið 1975 mældu Landmælingar OS í 189 þyngdarmælistöðvum í Reykjavík, og fengu þær númerin 4501–4689. Þyngdarkort var gert af Reykjavík (með Potsdam-viðmiðun) árið eftir. Kortið er til í handriti á Jarðhitadeild og hefur verið notað til hliðsjónar við jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á höfuðborgarsvæðinu (Ólafur G. Flóvenz 1979).

Árin 1982 og 1983 var þyngdarmælt við Hengil. Stöðvanúmer voru 4700–4999 og 7460–7474. Skýrsla um mælingarnar, með þyngdarkorti af Hengli og nágrenni, var gerð 1984 (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1984).

3.5 Viðbótarmælingar 1985


Úrdráttur úr bráðabirgðaskýrslu um verkhluta C hljóðar svo: Mælt var á 213 stöðum víða um land. Af ýmsum ástæðum urðu punkturnir nokkru fleiri en þeir 181, sem að lokum var óskað eftir. Notaðar voru sömu aðferðir við mælingarnar og 1968–71, en nú gátu tveir mælingamenn verið með öll tæki í þyrllunni (Hughes 500 D) samtímis.

Hæðarskekkja stöðva er áætluð innan við 1 m, nema í 8 punktum (á jökulum), þar sem hún er áætluð innan við 2 m. Stærsta frávik frá meðaltali við endurmælingu þyngdar var 0,05 mgal og mesta rek í mæliferð 0,0005 mgal/h. Niðurstöður varðandi einstakar stöðvar er að finna í þyngdarmælistöðvaskrá, þar sem stöðvarnar hafa hlotið númerin 7481–7693.

Orkustofnun tók aðra þyrllu af gerðinni Hughes 500 D á leigu fyrir verkhluta A. Starfsmenn ITECH notuðu Litton DASH II Autosurveyor til að mæla legu og hæð stöðva í fluglínunum milli þríhyrningamælistaða Orkustofnunar (og sex Doppler-stöðva, sem mældar voru í maí og júní). Tveir starfsmenn Orkustofnunar þyngdarmældu í 450 tilskyldum þyngdarmælistöðvum og 130 öðrum punktum, þar sem þurfti að lenda. Mælingarnar stóðu frá 14. júní til 6. ágúst með bækistöð á Akureyri, en mælisvæðið náði yfir mestan hluta Norðausturlands og vestanverðan Vatnajökul.

Meðalskekkja hæða í mælistöðvum var áætluð 1,0 m miðað við hæðir í þríhyrningapunktum OS (áætluð meðalskekkja innan við 0,5 m) og nákvæmni staðsetningar og þyngdar fullnægir einnig gerðum kröfum. Númer mælistöðvanna eru 7701–8280.

Ítarleg frásögn um verkhluta A er í skýrslu frá ITECH (Bomblies 1985), en lokaniðurstöður í skýrslu frá Defence Mapping Agency (DMA 1986). Mælistöðvarnar eru sýndar á mynd 3.



MYND 3. Þyngdarmælistöðvar 1985

4. ÞYNGDARMÆLINGAR Á SJÓ 1972–73

Í framhaldi af þyngdarmælingum á landinu öllu 1968–71 var svo um samið milli Kortadeildar Bandaríkjahers (DMA) og Orkustofnunar að gerðar yrðu þyngdarmælingar á landgrunninu einnig. Í tengslun við það verkefni voru einnig gerðar segul-, dýptar- og að vissu marki setþykktarmælingar á vegum landgrunnarnefndar, sem þá starfaði. Auk Bandaríkjamanna tóku Orkustofnun, Sjósmælingar Íslands og fleiri aðilar þátt í starfinu. Mæliskipin voru Ms. Albert árið 1972 og Ms. Ísborg, sem var tekin á leigu árið eftir.

4.1 Landstöðvar

Landmælingum Orkustofnunar var falið að mæla inn tvær landstöðvar við hvert mælisvæði, þar sem síðar voru settar upp endurvörpsstöðvar fyrir Raydist staðsetningarkefni, áður en mælingar hófust á svæðinu. Mynd 4 sýnir legu landstöðvanna og mörk mælisvæða. Mörk mælisvæðis er hringbogi. Frá honum sést strikið milli landstöðvanna undir 30 gráðu horni. Landstöðvarnar voru mældar inn með pólmælingum út frá þríhyrningamælistöðvum í júní og september 1972 og í apríl 1973, og reiknað var út úr mælingunum jafn óðum. Skýrsla um mælingarnar var gerð síðar (Gunnar Þorbergsson 1974). Við flestar landstöðvar var settur bolti í klöpp, en landstöðin sjálf, þar sem síðar var reist 15–30 m hátt mastur, var merkt á áberandi, en ekki varanlegan, hátt.

4.2 Mælingar á sjó 1972

Mælingarnar stóðu frá 20. júní til 10. ágúst og var mælt á mælisvæðum 5, 6, 7 og 9 í og út af Faxaflóa og Breiðafirði.

Áður en mælingar hófust í ákveðnu mælisvæði, var þyngdarmælt í viðmiðunarstöð í grunnstöðvaneti og um borð í skipinu, til að hægt væri að stilla þyngdarmæli skipsins. Einnig þurfti að stilla Raydist-tækin á flóknari og dýrari hátt. Það var gert með því að sigla inn í línuna gegnum landstöðvarnar tvær á tveimur stöðum, annars vegar milli landstöðvanna og hins vegar utan við þær. Þetta þurfti að hafa í huga í upphafi, þegar landstöðvarnar voru valdar.

Bandarískir mælingamenn um borð í mælskipinu sáu um þyngdarmæli, Raydist staðsetningartæki og tölvu, sem skráði mæliniðurstöður á segulbönd.


Starfsmenn Sjósmælinga Íslands í brú skipsins færðu mæligildi í bækur á tíu mínútna fresti. Í hverri færslu var eftirfarandi:

- númer mælisvæðis
- númer línu í mælisvæði
- númer punkts í línu
- dagsetning og tími
- fjarlægðir til landstöðva (lesnar í 45.4266 m einingum af Raydist lengdarmælitækjunum)
- dýpi í m

Vegna bilunar var ekki hægt að mæla dýpi alls staðar. Yfir 2100 færslur voru skráðar.

4.3 Mælingar á sjó 1973

Mælingarnar stóðu frá 18. maí til 22. september. Mælt var í öllum mælisvæðum öðrum en þeim, sem áður eru talin (sjá mynd 4). Mælingunum var hagað á svipaðan hátt og árið áður, og starfsmenn Sjósmælinga Íslands skráðu samviskusamlega, á 10 mínútna fresti, yfir 6300 færslur.



MYND 4. Landstöðvar og mælisvæði á sjó 1972-73

5. ÚRVINNSLA MÆLINGA Á LANDI

5.1 Skráning þyngdarmælinga

Sumarið 1968 tóku Landmælingar OS upp fast form við að skrá þyngdarmælingar í mælibækur. Hluti af því, sem skráð er í bækurnar, er síðar fært í tölvuskrá með auðkenni .GRR (síðari liður í nafni skráarinnar) eins og sýnt er í töflu 6.

TAFLA 6 Færsluform fyrir þyngdarálestra (.GRR)	
Sæti 01 05-06	9 í fyrstu færslu í mæliferð númer mæliferðar
Sæti 01 02-06 07	Eyða (nema í fyrstu færslu) Númer þyngdarmælistöðvar Eyða í venjulegri stöð, * í grunnstöð, / í biðstöð, D í rekstöð
08-11	Dagsetning (DDMM): dagur og mánuður
12-15	Tími (KKMM): klukkustund og mínúta
17-23 24-28	Þyngdarálestur (3 aukastafir) Eyða eða tækishæð í m

Þyngdarmælingar eru framkvæmdar í mæliferðum. Hver ferð hefst með mælingu í grunnstöð, síðan er mælt í nokkrum nýjum mælistöðvum, endurmælt í sumum þeirra og venjulega endað í sömu grunnstöð. Grunnstöð er stöð (í grunnstöðvaneti) með þekktri þyngd. Biðstöð er venjuleg stöð, þar sem mælt er fyrir og eftir (nokkurra klukkustunda) langt hlé á mælingum. Rekstöð er sett á aðgengilegan stað, þar sem endurmæla á síðar í sömu mæliferð, án þess að stöðin fari í safn mælistöðva. Gefa verður upp lausleg hnit (legu og hæð) fyrir rekstöðvar.

5.2 Úrvinnsluferill

Mynd 5 sýnir gagnaflæði við úrvinnslu þyngdarmælinganna. Henni verður lýst fyrir úrvinnslu á ímynduðu mælisvæði með nafni "NAFN". Ýmsar aðgerðir, sem hér er sagt frá, eru útskýrðar nánar í kafla 5.3.

Niðurstöður landmælinga eru í hnitaskrá NAFN.PNT (x-hnit, y-hnit, hæð og númer stöðvar). Um er að ræða rétthyrnd hnit:

- Lambert-hnit (kort Orkustofnunar)
- Gauss-hnit (stöðluð kort LMI)
- UTM-hnit (Universal Transverse Mercator, kort LMI og DMA af Reykjaneskaga og víðar).


Eitt forritanna LAMGEO, GAUGEO eða UTMGEO er notað við að umreikna skrá NAFN.PNT í hnitaskrá NAFN.GEO með breiddum og lengdum. Forrit GEOGRC er notað til að umreikna NAFN.GEO í skrá NAFN.GRC (austlæg lengd í stað vestlægrar lengdar o. s. frv.).

Þyngdarálestrar eru í skrá NAFN.GRR og hefur færsluforminu þegar verið lýst.

Tækistafla eða kvörðunartafla tækis er notuð við að breyta álestrum á þyngdarmæli í milligal. Skrá LCRG137.GRA er sýnd í töflu 7. Hún er fyrir þyngdarmæli LaCoste and Romberg Model G No. 137, sem var notaður á árunum 1968 – 1971.

Skrá NAFN.GRB yfir grunnstöðvar er hluti af töflu 2, eða taflan öll.

Forrit GRAVOS les nú skrár .GRA, .GRB, .GRC og .GRR, breytir álestrum á þyngdarmæli í milligal, leiðréttir þau gildi vegna þyngdaráhrifa tungls og sólar, notar þekkt gildi í grunnstöð (eða grunnstöðvum) og endurmælingar til að reikna líklegustu þyngdargildi í nýju þyngdarmælistöðvunum eftir aðferð minnstu kvaðrata. Í hverri mæliferð er jafnframt rek í þyngdarmæli reiknað sem línulegt fall af tíma. Niðurstöður eru færðar í skrá NAFN.GRS.



MYND 5. Gagnastreymi við úrvinnslu þyngdarmælinga

TAFLA 7		Kvörðun þyngdarmælis LCR G 137 (mgal)		
4000	4100	4200	4300	4400
4206.39	4311.63	4416.88	4522.12	4627.36
4500	4600	4700	4800	4900
4732.61	4837.84	4943.08	5048.31	5153.53
5000	5100	5200	5300	5400
5258.75	5363.97	5469.17	5574.37	5679.56
5500	5600	5700	5800	5900
5784.73	5889.89	5995.04	6100.17	6205.28
6000	6100	6200	6300	6400
6310.37	6415.44	6520.49	6625.51	6730.51

Landslagsleiðréttingum innan Bouguer-marka (sjá kafla 5.3) er bætt við færslur í skrá NAFN.GRS og upplýsingar varðandi mælitæki, mælingamann, nákvæmni hæða og nákvæmni landslagsleiðréttinga eru færðar. Útkoman er skrá NAFN.GRT.

Forrit TOCORR les skrá með meðalhæðum í reitum, sem eru 2' x 5' næst mælisvæði og 6' x 15' fjær mælisvæði (breidd x lengd). Það les einnig skrá NAFN.GRT og gerir skrá NAFN.GRV, þar sem leiðréttingu vegna þyngdaráhrifa landslags utan Bouguer-marka hefur verið bætt við færslur. Skrá NAFN.GRV fer í safn yfir þyngdarmælistöðvar.

Forrit BOUGUER les skrá NAFN.GRV og prentar upplýsingar úr skránni að viðbættu "free air" frávikum og Bouguer-frávikum. Frávikin eru reiknuð samkvæmt staðli frá árinu 1979 (Moritz 1980). Ekki er þó tekið tillit til áhrifa lofthjúpsins.

5.3 Þyngdarleiðréttingar

Landslagsleiðrétting (terrain correction) var gerð á hefðbundinn hátt í reitum E-K og töflur Hammers (Hammer 1939) notaðar fyrir þyngdarmælistöðvar mældar á árunum 1967-71. Leiðréttingin er vegna fráviks landslags frá fleti í stöðvarhæð út í 9903 m fjarlægð frá stöð (Bouguer-mörk).

Árin 1972 og 1973 voru meðalhæðir lands í reitum að stærð 1' x 2,5' (breidd x lengd) lesnar af kortum AMS-C762 í mælikvarða 1:50.000. Einnig var sjávardýpi í stærri

reitum lesið af kortum Sjósmælinga Íslands. Þessi gögn voru notuð til að gata á spjöld meðalhæðir lands eða sjávarbotns í reitum 2' x 5' (breidd er 3,7 km og lengd að meðaltali 3,9 km) á og næst landi, en 6' x 15' fjær landi. Svæðið, sem reitirnir þekja, er frá 61° til 69° norður og frá 8° til 30° vestur.

Tölvuforrit (TOCORR) leiðréttir fyrir áhrifum massa ofan sjávarmáls utan Bouguer-marka (hnattlaga jörð) og reiknar áhrif þess að bergmassi komi í stað sjávar utan Bouguer-marka. Forrit TOCORR var notað til að reikna leiðréttingar fyrir allar stöðvar mældar á árunum 1967-1971 og fyrir Bouguer-mörkin 9903 m. Eðlismassi bergs, notaður við leiðréttingar innan og utan Bouguer-marka, er 2,60 g/cm³. Leiðréttingarnar ná út í 167.000 m fjarlægð frá stöð.

Þegar forrit BOUGUER er síðar notað (sjá kafla 5.2), reiknar það "free air" leiðréttingu og Bouguer-leiðréttingu fyrir hringlaga plötu (truncated Bouguer plate) milli sjávarmáls og lárétts flatar gegnum stöð, með miðju í lóðréttri línu gegnum stöð, og með rás 9903 m. Eðlismassi plötunnar er 2,60 g/cm³.

Þyngdarleiðréttingar eru einnig skýrðar í skýrslu um þyngdarmælingar við Hengil (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1984). Í þeirri skýrslu eru áhrif lofthjúpsins reiknuð með, þegar þyngdarfrávik eru reiknuð. Þau áhrif eru < 0,05 mgal á mælisvæðinu, en þyngdarviðmiðunin IGSN71/V80 var notuð, og munar 0,9 mgal á henni og IGSN71/V85.

5.4 Form á þyngdarstöðvaskrá

TAFLA 8 Færsluform fyrir þyngdarstöðvaskrá (.GRV)							
7481		6516.56-1915.84	692.31	982155.57	09068520100918260	81-3.82J52	
7482		6506.13-1912.94	706.14	982128.49	09068520100918260	7-4.20J51	
7483	OS-9873	6508.11-1906.71	747.52	982126.86	09068520100918260	88-4.66J52	
7484	OS-5577	6503.06-1907.07	803.10	982104.05	09068520100918260	39-5.30J41	
7485	OS-9871	6515.13-1907.41	568.40	982174.42	09068520100918260	27-2.74J51	
7486	OS-5542	6522.28-1905.56	227.73	982253.32	09068520100918260	162 0.66J43	
		1	2	3	4	5	6 7 8
1234567890123456789012345678901234567890123456789012345678901234567890							
Hliðstæða í útprintun	Sæti í .GRV	Lýsing					
STATION NUMBER	01-05	Raðnúmer þyngdarmælistöðvar					
STATION NAME	09-16	Nafn stöðvar eða eyða					
LATITUDE	17-24	Norðlæg breidd: Gráður, mínútur með 2 aukastöfum					
LONGITUDE	25-32	Austlæg lengd: Gráður, mínútur með 2 aukastöfum (- í 25)					
HEIGHT	34-40	Hæð stöðvar í metrum					
GRAVITY	42-50	þyngd í stöð í milligal					
DATE/D M Y	52-57	Dagsetning: Dagur, mánuður, ártal					
REFERENCE/B	58-59	Grunnstöðvarnúmer (tafla 2)					
REFERENCE/O	60-61	Mælingarmaður (tafla 3)					
REFERENCE/I	62-63	Mælitæki (tafla 4)					
REFERENCE/P	64-65	Heimild (tafla 5)					
BGER/DENS	66-68	Eðlismassi bergs: (Meintur punktur á eftir fyrsta staf)					
CORR./TERR	69-72	Landslagsleiðrétting innan Bouguer-marka í milligal (Meintur punktur á eftir öðrum staf)					
CORR./TOPO	73-77	Leiðrétting utan Bouguer-marka í milligal					
NOTES/Z	78	Nafn ysta bogflatar innan Bouguer-marka					
NOTES/H	79	Gæðaflokkur stöðvarhæðar (tafla 9)					
NOTES/T	80	Gæðaflokkur landslagsleiðréttingar (tafla 9)					

TAFLA 9 Gæðaflokkun hæða og landslagsleiðréttinga	
Gæða-flokkur	Metin skekkja (m eða mgal)
1	< 0,05
2	< 0,1
3	< 0,2
4	< 0,4
5	< 0,7
6	< 1,0
7	< 2,0
8	< 5,0
9	< 10,0
0	ekki metin

Árið 1967 var unnið á Jarðhitadeild við að safna saman gögnum um þyngdarmælistöðvar, hanna form fyrir skráningu þeirra og gata þau á spjöld (Sven Þ. Sigurðsson 1967). Forminu hefur verið breytt lítillega. Það nær yfir skrár með auðkenni .GRV, sem lýst er í töflu 8. Forrit BOUGUER er notað til að prenta slíka skrá lítið breytta, en að viðbættum þyngdarfrávikum, og er sýnishorn um þá prentun í viðauka.

6. ÚRVINNSLA MÆLINGA Á SJÓ

Eins og áður segir, skráðu Bandaríkjamenn um borð í mæliskipi mæligildi sín á segulbönd, en starfsmenn Sjómaelunga Íslands skráðu í mælibækur öll mæligildi, sem þeir höfðu aðgang að í brú skipsins. Landmælingar Orkustofnunar tóku við gögnum frá báðum aðilum og unnu að sameiningu gagnanna, þegar tími vannst til frá öðrum störfum.

6.1 Sameining SÍ-gagna og US-gagna

Gögn frá Sjómaelingum Íslands voru götuð á spjöld. Gert var tölvuforrit (GTRDST) til að lesa spjöldin, reikna breidd og lengd út frá fjarlægðum til landstöðva og hnitum þeirra. Forritið gatar SÍ-spjöld með breidd og lengd mælipunkts (þar sem skipið var stöðvað við skráningu SÍ-færslu) og öllum upplýsingum, sem Sjómaelingarnar skráðu í punktinum, en þyngdargildið vantar.

Gert var tölvuforrit (GTPLAY) til að lesa SÍ-spjöld frá einu mælisvæði í senn og prenta línunúmer og punktnúmer á SÍ-myndir af mælisvæðinu. Hver SÍ-mynd náði yfir eina breiddargráðu og eina lengdargráðu, en hver prentreitir yfir eina breiddarmínútu og eina lengdarmínútu (upplausn 1' x 1'). Þannig gáfu SÍ-myndir skýra mynd af ferð skipsins um mælisvæðið.

US-spjöld komu frá Bandaríkjunum og innihéldu breidd, lengd og þyngd. Sums staðar var dýpi einnig gefið. Forrit GTPLAY var notað til að gera US-myndir af ferðum skipsins um mælisvæðin samkvæmt gögnum á US-spjöldum.

Með því að bera saman SÍ-myndir og US-myndir af sama mælisvæði, var hægt að skipta US-spjöldunum í bunka og raða þeim. Þá voru spjöldin komin í rétta tímaröð.

Loks voru SÍ-spjöldin og US-spjöldin notuð saman með tölvuforriti (GTUNIT) til að gera *sjómælisþjöld*. Þau innihéldu allar þær

upplýsingar, sem starfsmenn Sjómaelunga Íslands höfðu skráð í mælibækur sínar á 10 mínútna fresti og þyngdargildi líka. Þyngdargildi í SÍ-punkti var fengið með brúun milli tveggja US-punkta, sinn hvoru megin við SÍ-punktinn. Aðeins nokkrir mælipunktar Sjómaelunga Íslands féllu brott við þessar aðgerðir.

Miklu hefði þessi úrvinnsla verið auðveldari, ef US-gögnin hefðu innihaldið dagsetningu og tíma !

6.2 Úrvinnsluferill fyrir mælingar á sjó

Sameining gagna frá Sjómaelingum Íslands og gagna frá Bandaríkjunum endaði með tilkomu sjómælispjalda. Þau voru að sjálf-sögðu varðveitt (sjá töflu 12), en um það bil þriðji hver punktur var valinn til að fara í safn fyrir númeraðar þyngdarmælistöðvar með þeim, sem fyrir voru á landi. Punktarnir voru valdir þannig að ekki ætti að vera erfiðleikum bundið að nota tölvu við að teikna þyngdarkort samkvæmt gögnum á landi og sjó. Jafnframt varð þéttleiki punkta í línunum sambærilegur við þéttleika á landi. Völdu stöðvarnar á sjó fengu númerin 5001–7458.

Framhald úrvinnslunnar var eins og við mælingar á landi, nema að Bouguer-mörk fyrir punkta á sjó voru 6653 m. Bouguerleiðréttingin er því fyrir hringplötu, sem nær milli sjávarborðs og lárétts flatar gegnum punkt á sjávarbotni undir mælistöð (samkvæmt dýptarmæli). Hringplatan er með miðju í lóðlínu gegnum stöð, hefur radius 6653 m og eðlismassa 1,57 g/cm³. Aðdráttar afl hringplötunnar bætist við mælda þyngd, en dregst ekki frá eins og á landi.

Forrit BOUGUER (sjá kafla 5.2) þekkir stöðvar á sjó á því að hæð er undir -5 m og á þá við sjávarbotn undir stöð. (Komið getur fyrir, við mælingar á landi, að mælt sé í fjöru, og hæð stöðvar sé rétt undir meðal-sjávarborði).

6.3 Landslagsleiðréttingar á sjó

TAFLA 10		Landslagsleiðrétting innan Bouguer-marka á sjó (1/100 mgal)							
Pnkt	leiðr	Pnkt	leiðr	Pnkt	leiðr	Pnkt	leiðr	Pnkt	leiðr
5913	50	5969	50	6065	-50	6160	200	6233	50
5914	50	5970	100	6085	50	6173	150	6234	50
5920	50	5972	-150	6087	-200	6174	-100	6235	-50
5921	50	5984	-200	6093	-50	6175	100	6239	-50
5922	50	5985	100	6094	-200	6176	-200	6241	50
5923	50	5990	50	6095	-100	6177	150	6251	50
5924	100	5991	50	6098	50	6189	100	6252	50
5925	100	6005	-200	6100	-250	6190	-300	6253	100
5926	100	6006	50	6101	150	6191	-600	6260	100
5931	50	6007	50	6102	50	6192	-600	6261	50
5953	50	6012	50	6103	50	6193	-200	6262	100
5954	50	6013	-50	6104	50	6194	-300	7388	50
5956	-50	6029	-100	6118	150	6195	150	7389	100
5957	-200	6030	50	6119	50	6207	100	7390	50
5958	-100	6031	100	6120	50	6208	-100	7391	150
5965	-100	6036	50	6135	150	6216	50	7392	200
5966	-100	6037	50	6136	50	6218	-100	7400	50
5967	100	6038	-150	6152	100	6220	-50		
5968	50	6051	-100	6159	-100	6221	50		

Landslagsleiðrétting innan Bouguer-marka var gerð í nokkrum punktum við landgrunnsbrúnina suðaustan við land. Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar.

